

Föstudaginn 14. maí 1943.

Nr. 14/1943. **Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur v/s Narfa E. A. 671** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

eigendum v/s Magnúsar N. K. 84

(Einar B. Guðmundsson).

Næg ástæða var ekki fyrir hendi til þess að ónýta úrskurð gerðardóms um bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Þorsteinn Símónarson lögreglustjóri, setudómari í málinu.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. febrúar þ. á. og krafizt sýknu af kröfum stefnda í málinu og ómerkingar gerðardómsins svo og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi er lýst yfir því af hendi aðilja, að ekki verði uppi hafðar mótbáru þær, er fram komu í héraði varðandi bjarglaun af farmi.

Í 23. gr. laga nr. 27 frá 1938 er svo að orði kveðið, að þóknun fyrir björgun skuli ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Ekki verður ætlað, að löggjafinn hafi hér nefnt öll þau atriði, sem til greina geti komið við ákvörðun bjarglauna, þar sem m. a. er ekki tekið tillit til háska þess, sem bjargskip og áhöfn þess kunna að vera lögð í. Var gerðardóminum því heimilt að hafa við ákvörðun bjarglauna hliðsjón af fleiri atriðum en þeim, er í nefndri 23. gr. laga nr. 27 frá 1938 greinir. Að visu munu gerðardómendur aðallega hafa stutt úrskurð sinn við ákvæði siglingalaganna um björgun, en þar sem þeim m. a. var heimilt að hafa hliðsjón af þeim ákvæðum samkvæmt framansögðu, þá er ekki næg ástæða til þess að ómerkja gerðardóminn af þessum sök-

um. Og þó að bjarglaun þau, sem gerðardómurinn ákvað, séu há, eftir því sem skiptum aðilja er háttað, þá þykir ekki fullyrðandi, að ólögleg sjónarmið liggi til grundvallar þeim.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur v/s Narfa E. A. 671, greiði stefndu, eigendum v/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. jan. 1943.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 10. des. 1942, af Jóni Sveinssyni hdm., Akureyri, f. h. eigenda m/s Magnúsar N. K. 84, Ölves Guðmundssonar, Jóhanns Magnússonar, Reynis Zoëga og Jónasar Thoroddsen, gegn Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, Akureyri, og eigendum m/s Narfa E. A. 671 til greiðslu in solidum á björgunarlaunum samkvæmt úrskurði gerðardóms, uppkveðnum 6. nóvember 1942, að upphæð kr. 35000.00, með 5% ársvöxtum frá 7. jan. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins. Hefur stefnandi undir rekstri málsins lagt fram málskostnaðarreikning, að upphæð kr. 2401.20.

Stefndir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara og sérstaklega hefur verið mótmælt kr. 229.00 af málskostnaðarreikningi. Enn fremur krefst stefndur málskostnaðar, miðað við málflutningslaun stefnanda, eftir mati dómarans. Loks hefur umboðsmaður stefndu með stefnu, útgefinni 5. jan. 1943, gagnstefnt umboðsmanni aðalstefnanda f. h. eigenda m/s Magnúsar og gert þær réttarkröfur 1) að umræddur gerðardómsúrskurður frá 6. nóvember 1942 verði með öllu felldur úr gildi og 2) að gagnstefndir verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar í gagnsökinni samkvæmt mati dómarans.

Aðalstefnandi hefur mótmælt öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök, og hefur hann við munnlegan málflutning hér fyrir réttinum krafizt málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarans.

Dómarinn hefur leitað sátta með aðiljum í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Sankvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Þann 27. sept. 1941 hringdi Eiríkur Bjarnason á Eskifirði til framkvæmdastjóra m/s Magnúsar N. K. 84 og bað hann, að m/s Magnús yrði sendur til hjálpar m/s Narfa E. A. 671, sem staddur væri í neyð, stjórnlaus og á reki ca. 45 sjómilur út af Hornafirði. Var eindregið óskað eftir aðstoð m/s Magnúsar, og var þessi beiðni ítrekuð af váttryggjanda m/s Narfa, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, með simskeyti sama dag. M/s Magnús var þá staddur í Neskaupstað og var byrjaður að veita fiski móttöku, en hann flutti um þessar mundir ísvarinn fisk til Bretlands.

Kl. 4,30 síðd. lagði m/s Magnús af stað frá Neskaupstað til hjálpar m/s Narfa. Fann m/s Magnús m/s Narfa og tók hann til dráttar. Var sigling til lands með m/s Narfa hafin kl. 4,30 aðfaranótt 28. september og komið með Narfa til Seyðisfjarðar kl. 2 aðfaranótt 29. september, og hafði björgunarstarfið þá staðið í 33½ klst. Kl 9,20 að morgni þess 29. sept. fór m/s Magnús frá Seyðisfirði áleiðis til Norðfjarðar.

Ástandi m/s Narfa, þegar m/s Magnús tók hann til dráttar, er lýst þannig, að Narfi hafi verið með brotna skrúfu og bilaðan stýris-útbúnað, leki hafi verið kominn að skipinu, segl rifin og talstöð skipsins biluð. Telja skipverjar m/s Magnúsar, að m/s Narfi hafi þá verið staddur skammt fyrir sunnan aðaltundurduflabeltið fyrir Austurlandi.

Eigendur m/s Magnúsar töldu, að hér væri um algera björgun á m/s Narfa að ræða, og með bréfi, dags. 8. nóv. 1941, kröfðu þeir Vélbátatryggingu Eyjafjarðar um 70 þús. króna björgunarlaun, en til vara kröfðust þeir, að björgunarlaun yrðu greidd eftir sundurliðuðum reikningi, er fylgdi bréfinu, að upphæð kr. 40214.00. Bréfi þessu svarar Vélbátatrygging Eyjafjarðar með simskeyti 24. nóv. 1941, þar sem tilkynnt er, að stjórn félagsins geti ekki gengið inn á reikning eigenda m/s Magnúsar „fyrir drátt m/s Narfa“. Vilji stjórn váttryggingarfélagsins leggja þetta í gerðardóm og biður eigendur m/s Magnúsar að útnefna mann af sinni hálfu í gerðardóminn.

Með simskeyti 29. nóv. 1941 útnefndu eigendur m/s Magnúsar Guðmund Eggerz bæjarfógetafulltrúa á Akureyri til þess að taka sæti í gerðardóminum af sinni hálfu, og með simskeyti 3. febr. 1942 skipaði atvinnumálaráðuneytið Stefán Stefánsson lögfræðing í Fagraskögi oddamann gerðardómsins. Vélbátatrygging Eyjafjarðar útnefndi í gerðardóminn Friðrik Magnússon lögfræðing á Akureyri, og var gerðardómurinn þá fullskipaður.

Við meðferð málsins fyrir gerðardóminum óskuðu eigendur m/s Magnúsar eftir, að gerðardómurinn úrskurðaði einnig þeim til handa björgunarlaun fyrir kolafarm, sem var í m/s Narfa, þegar honum

var bjargað. „Farmeigandi, útgerðarfélagið Narfi, og Vélbátatrygging Eyjafjarðar voru þessu samþykkir, og tók gerðardómurinn þetta að sér“ segir í forsendum gerðardómsins.

Um verðmæti m/s Magnúsar er þetta upplýst:

Eigendur skipsins telja það hafi kostað þá 360 þús. krónur.

Sjóvátryggingarupphæð skipsins var 264 þús. kr.

Stríðsvátryggingarupphæð skipsins var £16000—0—0.

Þegar m/s Magnús bjargaði m/s Narfa, er talið, að í m/s Magnúsi hafði verið isvarinn fiskur, að verðmæti 15—19 þús. krónur.

Verðmæti þess, sem bjargað var, var:

M/s Narfi (vátryggingarverð)	kr. 198279.00
Kolafarmur (söluverð)	— 6600.00
Samtals	kr. 204879.00

Kolin voru vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., Reykjavík.

Þegar málið var sótt og varið fyrir gerðardóminum, var aðallega deilt um, hvort ákveða ætti björgunarlaun eða hjálpina vegna m/s Narfa eftir hinum venjulegu björgunarreglum siglingalaganna eða samkvæmt 23. gr. laga um vátryggingarfélag fyrir vélbáta nr. 27 13. jan. 1938.

Gerðardómsmenn voru sammála um, að m/s Narfa hefði verið bjargað úr neyð, en greindi á, eftir hvaða reglum björgunarlaunin skyldu ákveðin. Meiri hluti gerðardómsins (Stefán Stefánsson og Guðm. Eggerz) töldu, að bótareglur 23. gr. laga nr. 27/1938 yrði að skýra mjög þröngt, þannig að þær komi ekki til notkunar nema öruggt sé, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að þeim yrði fylgt en ekki bótareglum siglingalaganna. Taldi meiri hlutinn því með tilliti til allra málavaxta, að björgunarlaun í máli þessu skyldu ákveðin eftir bótareglum siglingalaganna í einu lagi fyrir m/s Narfa og kola-farm skipsins.

Niðurstaða úrskurðar meiri hluta gerðardómsins, dags. 6. nóv. 1942, er svo hljóðandi:

„Því úrskurðast:

Varnaraðiljar, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og farmeigandi, greiði in solidum sóknaraðiljum, Ölve Guðmundssyni, Jóhanni Magnússyni, Reyni Zoëga og Jónasi Thoroddsen, sem eigendum m/s Magnúsar N. K. 84 kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942, fyrirtækt málsins fyrir gerðardómi, til greiðsludags.

Aðiljar greiði in solidum kr. 3000.00, að hálfu hver, þóknun til gerðardómsmanna, kr. 1000.00 hverjum, að öðru leyti fellur málskostnaður niður.“

Einn gerðardómsmannanna, Friðrik Magnússon, gerði sératkvæði. Reiknaði björgunarlaun skipsins samkv. 2. málsg. 23. gr. laga nr.

27/1938 kr. 23376.55 og björgunarlaun farms samkv. almennum reglum siglingalaganna kr. 1100.00.

Þegar Vélbátatrygging Eyjafjarðar var krafín um björgunarlaunin, fékkst hún ekki til þess að inna greiðsluna af hendi, og höfðuðú eigendur m/s Magnúsar þá mál þetta til þess að fá aðfararhæfan dóm á hendur þeim, sem björgunarlaun eiga að greiða, og hafa gert þær kröfur, er að framan greinir.

M/s Magnús var váttryggður í Bataábyrgðarfélagi Norðfjarðar, en m/s Narfi í Vélbátatryggingu Eyjafjarðar. Bæði þessi váttryggingarfélög starfa samkvæmt lögum nr. 27 13. jan. 1938 um váttryggingarfélög fyrir vélbáta. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. nefndra laga bar því að útnefna gerðardóm samkvæmt 33. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 38/1941, til þess að úrskurða laun fyrir björgun m/s Narfa, og aðiljar samþykktu síðar, að sá gerðardómur skyldi einnig ákveða laun fyrir björgun kolafarms m/s Narfa. Þessi réttur er því ekki þær um að dæma um upphæð björgunarlauna þessara, og verður því að leggja þá upphæð, sem gerðardómurinn hefur ákveðið, til grundvallar og dæma stefndu til þess að greiða stefnendum björgunarlaunaupphæð þá, sem kafið er um, nema einhverjir þeir gallar séu á skipun gerðardómsins eða starfsemi, er geri úrskurð gerðardómsins ógildan. Úrslit málsins í aðalsök velta því á því, hvort úrskurður gerðardómsins er gildur eða ógildur, en á sama atriði velta einnig úrslit í gagnsök, þannig, að ef kröfur aðalstefnenda verða teknar til greina í aðalsök, verður að sýkna þá af kröfum aðalstefndu í gagnsök, en ef kröfur aðalstefndu í gagnsök verða teknar til greina, ber að vísa málinu frá þessum rétti.

Umboðsmaður aðalstefndu hefur krafizt þess, að úrskurður gerðardómsins verði dæmdur ógildur, og byggt það á eftirtöldum ástæðum:

1. Að gerðardómsmenn hafi við úrskurð málsins ekki haldið sér innan þeirra takmarka, sem þeim voru sett í 23. gr. laga nr. 27/1938, heldur hafi þeir samkvæmt eigin yfirlýsingu farið eftir reglum 10. kap. siglingalaganna, og megi því ætla, að hin úrskurðaða upphæð hafi orðið mun hærri en vera ætti af þeim sökum.

2. Að gerðardómsmenn tóku til úrskurðar bjarglaun eða aðstoðarlaun af farmi m/s Narfa, án þess fyrir lægi yfirlýsing farmeigenda og váttryggjanda farmsins um, að þetta málefni, sem heyrir undir almenna dómstóla, skyldi dregið undir meðferð gerðardómsins.

3. Að Vélbátatryggingu Eyjafjarðar og farmeiganda sé í úrskurði gerðardómsins gert að greiða umrædd dráttarlaun, vexti og kostnað in solidum, án þess tiltekin sé hlutdeild skips annars vegar og farms hins vegar í greiðslum þessum. Váttryggjanda farmsins, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h. f., hafi heldur ekki verið gert aðvart um meðferð málsins hvorki fyrir gerðardóminum né bæjarþinginu.

Ad. 1. Hlutverk gerðardóms þessa var samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 27/1938 að ákveða greiðslu fyrir að bjarga m/s Narfa úr

háska. Segir í hinni tilvitnuðu lagagrein, að greiðslu fyrir slíka hjálp verði ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skuli ávallt miða þóknunina við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hafi bakað þeim, er hana veitti, og aldrei geti hún orðið lærri en váttryggingarfjárhæð skips þess, sem hjálpina þáði, nemur.

Gerðardómsmenn hafa í forsendum fyrir úrskurði sínum gert grein fyrir, hvern skilning þeir leggi í þessa lagagrein, samanborið við hina almennu bótareglu siglingalaganna. Þessi réttur telur sig ekki bærán að meta þær ástæður, er lágu til grundvallar því, eftir hvaða sjónarmiðum gerðardómsmenn ákváðu björgunarlaunin, og geti það því ekki varðað ógildingu úrskurðarins, þótt fyrir liggi, að hann sé ekki byggður á margnefndri 23. gr. laga nr. 27/1938.

Ad. 2. Eins og að framan greinir, votta gerðardómsmenn í forsendum fyrir úrskurði sínum, að farmeigandi, útgerðarfélagið Narfi og Vélbátatrygging Eyjafjarðar hafi verið því samþykkt, að gerðardómsmenn úrskurðuðu einnig um björgunarlaun til eigenda m/s Magnúsar vegna kolafarmsins í Narfa. Réttarskjal gerðardómsins nr. 21 ber það einnig með sér, að eigandi kolafarmsins er útgerðarfélagið Narfi í Hrisey, og er Páli Einarssyni, Akureyri, þar veitt fullt umboð til að annast fyrir hönd félagsins alla málsvörn í sambandi við kolafarminn úr m/s Narfa 29. sept. 1941, sem var að verðmæti kr. 6600.00. Verður rétturinn að telja, að í því felist fullt umboð til þess að leggja mál þetta undir úrskurð gerðardóms, enda liggur ekkert fyrir, er bendi til þess, að vottorðsgjafi hafi búizt við öðrum málarekstri.

Ad. 3. Samkvæmt réttarskjali gerðardómsins nr. 18 gerðu eigendur m/s Magnúsar þá kröfu um björgunarlaun vegna kolafarms m/s Narfa, að þau yrðu ákveðin $\frac{1}{3}$ af verðmæti farmsins, ef farmurinn hefði verið ósjóváttryggður, en annars $\frac{1}{3}$ af váttryggingarverði. Ekki er vitað um váttryggingarverð farmsins, en söluverð hans er talið 6600 krónur.

Rétturinn verður að telja það gildandi réttarreglu, að enginn málsaðili fái dóm fyrir meiru en hann hefur gert kröfu til á hendur hverjum gagnaðila og í samræmi við það geti gerðardómur heldur ekki úrskurðað málsaðilja meiri réttindi en hann hefur gert kröfu til. Samkvæmt úrskurði gerðardómsins geta eigendur m/s Magnúsar krafist farmeigendur Narfa um björgunarlaun fyrir skip og farm, kr. 35000.00 plus vexti, eða Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, ef þeir kjósa heldur. Rétturinn telur, að í þessu efni hafi gerðardómsmenn farið út fyrir verksvið sitt, því rétturinn verður að álíta, að samþykki farmeigenda og Vélbátatryggingar Eyjafjarðar til þess, að laun fyrir björgun farmsins yrðu einnig ákveðin af gerðardóminum, væri bundið því skilyrði, að þessir aðiljar taki ekki á sig nein- ar auknar skyldur frá því er væri, ef björgunarlaun fyrir skip og farm væru ákveðin sitt í hvoru lagi. Rétturinn verður því að álíta,

að fella beri úr gildi það ákvæði úrskurðar gerðardómsins, að Vélbátatrygging Eyjafjarðar og farmeigandi skuli greiða björgunarlaunin „in solidum“. Kemur þá til álita, hvort ógilda skuli úrskurð gerðardómsins fyrir þær sakir.

Heildarupphæð björgunarlauna fyrir skip og farm verður sú sama, hvort sem varnaraðiljar ábyrgjast greiðslu þeirra in solidum eða ekki. Nú virðist það vera dómvenja að ákveða björgunarlaun fyrir skip og farm í einu lagi, og má þá svo eins vera hér, enda segja forsendur úrskurðar gerðardómsins, að björgunarlaun fyrir skip og farm skuli ákveðin eftir bótareglum siglingalaganna. Rétturinn verður því að álita, að þessi breyting haggi ekki gildi úrskurðar gerðardómsins að öðru leyti. Það skiptir heldur ekki máli, þótt vátryggjanda farmsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h. f., væri ekki gert aðvart um málatalbúnað þenna, þar sem engar kröfur eru gerðar á sjóvátryggingarfélagið í þessu máli.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að margnefndur gerðardómsúrskurður sé að undanteknu áðurnefndu atriði um solidaríska ábyrgð varnaraðilja í fullu gildi og beri því að dæma aðalstefndu, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar og eigendur m/s Narfa E. A. 671, til þess að greiða aðalstefnendum, eigendum m/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. janúar 1942 til greiðsludags. Samkvæmt áðursögðu skulu gagnstefndir, eigendur m/s Magnúsar, því vera sýknir af kröfum gagnstefnenda í máli þessu.

Það athugast, að í máli þessu er stefnt eigendum m/s Narfa E. A. 671, en úrskurður gerðardómsins hljóðar á farmeiganda, en þar sem hér virðist vera um sömu aðilja að ræða, þykir ekki ástæða til að gera frekari athugasemdir við það, enda hefur aðalstefndur ekki mótmælt dómkröfunni á þeim grundvelli.

Báðir mál aðiljar hafa gert kröfu um greiðslu málskostnaðar frá gagnaðilja bæði í aðalsök og gagnsök. Er málskostnaðarreikningur stefnanda í aðalsök kr. 2401.20. Aðalstefndir hafa mótmælt þessari málskostnaðarkröfu og þó sérstaklega kr. 229.00, 2 reikningum frá Páli Einarssyni, útlagðan símakostnað út af innheimtu hjá Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, kr. 79.00, og ómakslaun vegna margitrekadra tilrauna til þess að fá björgunarlaunin greidd kr. 150.00.

Úrskurður gerðardómsins var kveðinn upp 6. nóvember 1942, og samkvæmt rskj. nr. 5 tilkynnti Vélbátatrygging Eyjafjarðar Páli Einarssyni þann 12. nóv. s. l., að hún óskaði að bera málið undir Samábyrgð Íslands, sem væri endurtryggjandi vélbátatryggingarinnar, og samábyrgðin myndi ákveða, hvort frekari lagaaðgerðum yrði beitt í málinu og greiðslunni yrði frestað, meðan skjöl málsins væru rannsökuð, þar sem forstjóri samábyrgðarinnar bæri brígdur á, að dómurinn, sem fyrir liggur, væri að lögum.

Rétturinn verður að telja, að Vélbátatrygging Eyjafjarðar hafi þannig gert fulla grein fyrir því, hvernig stóð á drætti þeim, sem

varð á greiðslu frá hennar hendi, og að margítrekaðra innheimtu-tilrauna hafi því ekki verið þörf, þar sem ljóst virðist hafa verið, að líklegt var, að málið yrði dómstólamál, svo sem orðið er. Þykir því rétt að lækka þenna reikning um kr. 150.00, og verður dæmdur málskostnaður í aðalsök því kr. 2401.20 — 150.00 = kr. 2251.20.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Mál þetta var þingfest 19. des. 1942, og tók setudómarinn þá við málinu. Það var dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi þann 16. þ. m.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndir, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur m/s Narfa E. A. 671, greiði aðalstefnendum, eigendum m/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. jan. 1942 til greiðsludags og kr. 2251.20 í málskostnað.

Gagnstefndir skulu vera sýknir af kröfum gagnstefnenda í gagnsök og falli málskostnaður í henni niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 3/1943. Óskar Gíslason (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.
bæjarsjóðs (Gunnar J. Möller).

Útvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Friðþjófur G. Jóhnsen, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1943, krefst þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.